

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eiðum 31. ágúst 1888.

1. gr.

Sýslunefndirnar í Múlasýslunum kjósa 3 menn í stjórn búnaðarskólans á Eiðum og 1 mann til vara. Þeir skulu vera kjörgengir í sýslunefnd og gildir kosning þeirra um 3 ár í senn. Stjórn skólans kýs sjálf formann sinn. Nú gengur einhver úr stjórn skólans á kjörtímabilinu fyrir forföll, eða ef sæti hans verður autt fyrir aðrar sakir, og skal þá kjósa annan mann í stað hans.

2. gr.

4. gr. í reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eiðum frá 11. des. 1888, er úr gildi numin.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. sept. 1902.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndirnar í Múlasýslunum hafa komið sjer saman um og amtsráðið í Austuramtinu samþykkti á fundi sínum 28. júní þ. á., staðfestist hjermeð.

Reykjavík, 1. ágúst 1902.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Reglugjörð

fyrir Húnavatnssýslu um lækningu hunda af bandormum.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir af hreppsnefnd 1—3 menn til að hafa á hendi og framkvæma lækningu hunda af bandormum.

Enginn, sem öðrum er óháður, getur skorast undan þeim starfa 3 ár í senn, en þá má hann vera laus næstu 3 ár.

2. gr.

Hreppstjóri í hverjum hreppi skal hafa bók, löggilta af sýslumanni er borgist af sýslusjóði; skal hann á ári hverju rita í hana skrá yfir hundaeigendur og tölu hunda þeirra, svo og tölu þeirra hunda sem lækningamenn gefa skýrslu um að þeir hafi haft til lækninga frá hverjum einum, en skýrslu þessa skulu þeir skyldir að hafa sent hreppstjóra fyrir miðjan desembermánuð. Fyrir hver árslok skal hreppstjóri senda sýslunefndinni skýrslu samhljóða bókinni.

3. gr.

Skyldur skal hver hundeigandi að hafa helsi á hundum sínum, er á sje grafið nafn heimilisins. Rjettdræpur er hver fullorðinn hundur, sem eigi ber helsi utan heimilis síns.

4. gr.

Alla hunda skal hreinsa einu sinni á ári, í nóvembermánuði, með areka-
dupti og baða þá strax á eftir úr öruggu fjárbaði og skulu þá saurindi hund-
anna hinna hreinsuðu eyðilögð á tryggjandi hátt, brennd eða grafin tvær álnir
í jörðu að minsta kosti.

5. gr.

Hundana skal hreinsa á 1—3 stöðum í hverjum hreppi eftir tölu læk-
ningamanna og skal viðkomandi hreppsnefnd sjá um byggingu, á kostnað hrepps-
ins, á sjerstökum kofum til þess að geyma hundana meðan á lækningunni stendur.

Lækningamenn skulu skyldir að auglýsa að minnsta kosti með viku fyr-
irvara dag þann eða daga, er koma á með hundana til lækninganna.

Hver hundeigandi skal skyldur að flytja hunda sína á lækningastaðinn í
ákveðinn tíma og hjálpa til að gefa inn hundunum og baða, eftir fyrirsögn
lækningamanna, endurgjaldslaust.

Hreinsun hunda utan lækningastaðar er með öllu fyrirboðin.

6. gr.

Verði vart við bandorma í einstökum hundum milli lækningatíma, skal
fara með þá til lækningamanns og þeir hreinsaðir samkv. 4. gr., en eigi verða
þeir hundar samt undanþegnir lækningum á hinum fyrirskipaða tíma í nóvember.

7. gr.

Nú valda lögleg fortöll að hundar koma eigi til lækninga á ákveðnum
tíma, skal húsbóndi hans færa hann til lækningamanns svo fljótt sem unnt er,
eða verða fyrir sektum.

8. gr.

Allir helsislausir flækingshundar skulu lækningamenn, lögreglustjóri eða
hrepstjóri annast um að sjeu drepnir tafarlaust, er þeir verða þeirra varir.

9. gr.

Sýslunefnd annast útvegum meðalanna, bæði arekaduþsins og baðlyfj-
anna og borgun þeirra úr sýslusjóði, eins skal úr sýslusjóði borga lækninga-
mönnum 25 aura fyrir hvern hund, er þeir hafa hreinsað.

10. gr.

Lækningamenn skulu iðulega áminna menn um að gæta allrar varkárni
í umgengni við hunda og sjerstaklega sjá um að nákvæmlega sje fylgt fyrir-
mælum laga nr. 18. 22 maí 1890, 5. gr., einkum í kaupstöðum um sláturtöku-
tímann. Það skal tekið fram að kaupmenn, kaupfjelög og verzlunarstjórar, skulu
skyldir að láta ílát standa á blóðvelli þar sem öllum sullum er safnað í og fela
einhverjum manna sinna að gæta þess nákvæmlega að ekki sje út af
þessu brugðið.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varðar allt að 10 kr. sektum,
sem sýslumaður ákveður eftir málavöxtum, hvort sem lækningamenn, hundaeig-
endur, kaupmenn eða aðrir eiga í hlut.

1902

73 Sektir falla hálfar til uppljóstrarmanns, ef til er, en hálfar í sýslusjóð, 2. apríl en ella fellur sektin öll í sýslusjóð.

12. gr.

Hreppstjórar og sýslumaður skulu hafa nákvæmt eptirlit með, að reglugjörð þessari sje fylgt.

13. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar hún birtist í stjórnartíðindunum og er með henni úr gildi numin Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um lækningu hunda af bandormum, sem samþykkt var af sýslunefndinni 9.—14. marz 1894.

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Húnavatnssýslu á aðalfundi hennar 10.—15. marz 1902.

Skrifstofu Húnavatnssýslu 2. apríl 1902.

Gisli Ísleifsson.

74

10. júlí

Reglugjörð

um fjallskil og refaveiðar í Norðurmúlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Norðurmúlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi. Hver hreppur er deild út af fyrir sig, og kaupstaðurinn ein. Sýslunefndin hefir yfirstjórn allra fjallskila sýslunnar, en hreppsnefnd framkvæmd þeirra í hverjum hreppi og bæjarstjórnin yfirstjórn og framkvæmd í kaupstaðnum.

I. Um fjallskil.

2. gr.

Sveitarstjórnin í hverri deild hefir heimild til að annast um að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir sig, fái upprekstur annarstaðar. Er hver fjáreigandi skildur til að reka fje sitt á fjall, samkvæmt því sem sveitarstjórn kann að skipa fyrir, nema hann hafi útvegað sjer upprekstrarland annarstaðar. Sveitarstjórnin í hverri deild getur samið reglur um notkun upprekstrarlands. Hagatoll má ákveða alt að 4 aurum fyrir hverja kind.

3. gr.

Hver fjáreigandi skal hafa eyrnamark á fje sínu og ef hann vill eða, ef mark verður óglöggt, brennimark eða önnur skýlaus einkenni. Auk þess skal hann merkja allt fje sitt veturgamalt og eldra, sem hornótt er, framan á hægri horni með brennimarki þeirrar deildar, sem hann verður heimilisfastur í í fardögum. Sama eyrnamark má hann hafa á hestum sínum. Mark sitt skal hann hafa svo skýrt, að auðþekkt sje. Hver deild skal hafa brennimark. Eyrnamark má hún og hafa.

4. gr.

Brennimörk deildanna skulu vera þessi: